

Aðalfundur foreldrafélags Varmahlíðarskóla haldinn í matsal skólans
3. október 2017 klukkan 20:00

Helga Sjöfn formaður setti fund og bauð fundargesti velkomna og stakk upp á Atla Má sem fundarstjóra, enginn hreyfði mótmælum svo hann tók þegar til starfa og kynnti dagskrá fundarins.

- 1 Tilnefning fundarstjóra
- 2 Skýrsla stjórnar
- 3 Reikningar
- 4 Kosningar
- 5 Önnur mál

2. SKÝRSLA STJÓRNAR

Þar sem liður 1 var þegar frá þá tók Helga Sjöfn við og fór yfir starfssemina á liðnu ári sem var í stuttu máli með hefðbundnu sniði. Valla á Hóli gekk úr stjórn á síðasta aðalfundi og Ragnildur á Stóru-Ökrum tók hennar sæti sem gjaldkeri félagsins. Niðurgreiddir voru leikhúsmiðar fyrir 1-6 bekk hjá Leikfélagi Sauðárkróks um kr 1000. Aðventuhátíð var haldin svo og öskudagsskemmtun. Lokadagur félagsmála fór fram með hefðbundnum hætti en vorhátíð fór hins vegar fram án aðkomu félagsins vegna þess að engir foreldrar höfðu tíma til að starfa við hátíðina.

3. REIKNINGAR

Ragnildur las yfir reikninga félagsins en inneign í byrjun skólaárs var 104.286 kr en eftir innheimtu félagsgjalda er inná reikningi 281.140 kr. Reikningar samþykktir samhljóða

4. KOSNINGAR

Helga Sjöfn gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu en hún og Atli máttu ganga úr stjórn. Birna á Glaumbæ gaf kost á sér og var hún klöppuð inn í stjórnina, Atli situr einnig næstu 2 árin.

Öskudagsnefnd er skipuð 3 foreldrum úr 5. bekk, kosningu þetta árið hlutu:

Gutti og Kristín Grænumýri
Óskar og Hafdís Varmahlíð
Bjarni og Laufey Varmahlíð

Næst var það foreldrar úr öllum bekkjum í bekkjarráð:

- 1 bekk Sólborg og Einar Skörðugili
- 2 bekk Ingi og Elma Marbæli
- 3 bekk Linda og Palli Litlu Gröf
- 4 bekk Hafdís Brúnastöðum
- 5 bekk Helga og Páll Stóru Gröf Ytri
- 6 bekk Gísli og María Vöglum
- 7 bekk Sigríður og Búi Bústöðum
- 8 bekk Þórhildur Sauðárkróki
- 9 bekk Unnur og Ingólfur Dýrfinnstöðum
- 10 bekk Vagn og Guðrún Minni Ökrum

Í skólaráði hafa Laufey Leifs og Laufey Haralds setið og Kristvina verið til vara og verður það fyrirkomulag óbreytt

5. ÖNNUR MÁL

Tillaga kom frá stjórn að hækka árgjöld úr 1500 kr í 3000 kr á heimili með innheimtukostnaði og var hún samþykkt.

Einnig rætt um að félagið kæmi að því að bæta útiaðstöðu við skólann og þá sérstaklega rætt um körfuboltaaðstöðu svo og lítil trampólín lík og eru við Árskóla.

Niðurgreiddir verða leikhúsmiðar fyrir 1-6 bekk á sýningu Leikfélags Sauðárkróks á Hróa Hetti.

Rætt um dekkjakurl á sparkvelli sem stendur til að skipta út, ekki ljóst hvar það mál er statt.

Ólafur Atli er áheyrnafulltrúi í fræðslunefnd fyrir hönd foreldra.

Stjórn foreldrafélags hefur farið þess á leit við skólastjóra að fulltrúi skólans sitji stjórnarfundum félagsins og hugmynd um að það verði Sólrún sem sér um skipulag félagsmála í skólanum.

Skoða með fræðslufyrirlestra til handa foreldrum, einelti, vinir og/eða vinaleysi sígilt viðfangsefni.

Laufey Leifs fór stuttlega yfir starfsemi skólaráðs á árinu, allt í föstum skorðum.

Rætt um bekkjarráð, hvort ekki væri skynsamlega að skipa fulltrúa tveggja heimila úr hverjum bekk til að ná meiri breidd í starfið, vel tekið í hugmyndina, stjórn mun skoða málið fram að næsta aðalfundi.

Helgu þökkun góð störf fyrir félagið sem formaður undanfarin 6 ár og Birna jafnframt boðin velkomin til starfa.

Fleira ekki bókað og Helga fráfarandi formaður sleit fundi.

Atli Már Traustason